

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2026

Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2026 verði 1.987.891.408 kr. samanborið við 2.349.445.719 kr. árið 2025.

Meirihluti tekna KSÍ er í erlendri mynt og því skiptir gengi sem notað er í fjárhagsáætlun miklu máli. Að tillögu fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ samþykkti stjórn KSÍ að nota: EUR 144 og USD 122 árið 2026.

Hér er yfirlit fyrir áætlaðar rekstrartekjur KSÍ árið 2026, samanborið við rauntölur ársins 2025 og áætlun ársins 2025:

Rekstrartekjur	Áætlun 2026	Raun 2025	Áætlun 2025
Styrkir og framlög	1.107.525.180	1.501.566.317	1.281.224.787
Tekjur af landsleikjum	127.952.758	149.011.308	132.326.503
Sjónvarpsréttur	436.562.596	438.412.454	437.955.286
Aðrar rekstrartekjur	235.331.600	164.037.790	138.688.150
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	80.519.274	96.417.850	80.777.911
	1.987.891.408	2.349.445.719	2.070.972.637

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög koma m.a. frá UEFA, FIFA, bakhjörllum, Íslenskum getraunum og ÍSí.

UEFA

Árið 2026 er gert ráð fyrir eftirtöldum framlögum frá UEFA:

- 432 m.kr. vegna HatTrick (árleg framlög ásamt verkefnatengdum greiðslum)
- 162 m.kr. vegna Þjóðadeildar A landsliðs karla
- 14,5 m.kr. vegna kostnaðar við uppihald erlendra dómara í Evrópukeppni hér á landi


Framlag UEFA sveiflast milli ára þar sem greiðslur vegna Þjóðadeildar karla koma inn annað hvert ár. Einnig er misjafnt hversu mikið kemur úr HatTrick styrkjakerfi UEFA á ári hverju. Nýtt styrkjatímabil UEFA, HatTrick VI, hófst 1. júlí 2024 og lýkur 30. júní 2028.

Árið 2025 fékk KSÍ 290 m.kr. framlag fyrir þátttöku A landsliðs kvenna í lokakeppni Evrópukeppni landsliða sem útskýrir stærsta muninn á milli ára.

Framlög UEFA til rekstrar eru:

- 1 milljón evra til reksturs sambandsins árlega.
- Allt að 2 milljónir evra á ári, m.a. til að uppfylla gæðastaðla og vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum. Þessi framlög eru háð ströngum skilyrðum og hefur KSÍ ekki fullnægt öllum skilyrðum UEFA á síðustu misserum, til dæmis varðandi keppni í Futsal og Regions' Cup.
- Til viðbótar styrkir UEFA knattspyrnutengdar fjárfestingar á fjögurra ára styrkjatímabili um allt að 5 milljónir evra.

UEFA - EUR	2023	2024	2025	2026
UEFA HatTrick Incentives	2.935.000	2.935.000	2.935.000	2.935.000
UEFA Investments	1.016.389	375.000	2.625.000	1.000.000
UEFA TV	2.833.333	2.833.333	2.833.333	2.833.333
UEFA NL		1.500.000		1.125.000




FIFA

Árið 2023 hófst nýr fjögurra ára styrkjahringur FIFA (*FIFA Forward 3.0, 2023-2026*). Á tímabilinu er framlag FIFA til rekstrar 5 milljónir USD og þá fjármagnar FIFA önnur verkefni fyrir 3 milljónir USD. Á sama hátt og hjá UEFA er framlag FIFA bundið ströngum skilyrðum og hefur FIFA eftirlit með hvernig fjármunum er varið. Þetta eftirlit er á hendi alþjóðlegra endurskoðendafyrirtækja.

Gert er ráð fyrir framlagi frá FIFA að upphæð 224 m.kr. árið 2026. Inní í þeirri tölu er framlag frá FIFA sem kom fyrst til sögunnar árið 2023, FIFA TDS (Talent Development Scheme) að upphæð 250.000 USD en það er framlag einungis tileinkað þróunar- og vísindasviði KSÍ.

FIFA - USD	2023	2024	2025	2026
FIFA Forward Operational	1.250.000	1.250.000	1.250.000	1.250.000
FIFA TDS	50.000	250.000	250.000	250.000
FIFA Forward Projects	1.450.000	450.000	812.000	288.000



ÍSÍ og Íslenskar getraunir

Gert er ráð fyrir að ríkisstyrkur, útbreiðslustyrkur og Lottótekjur verði svipaðar á milli ára, eða um 54 m.kr., og að greiðsla frá Íslenskum getraunum verði 20 m.kr. KSÍ fær 24,6 m.kr. úthlutaðar úr afrekssjóði ÍSí árið 2026 eins og á árinu 2025. Það var fyrsta úthlutun til KSÍ úr umræddum sjóði frá árinu 2017, þrátt fyrir að KSÍ uppfyllti öll skilyrði um úthlutun á tímabilinu 2018-2024.

KSÍ uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til að flokkast sem A-sérsamband og ætti í raun að fá hærri úthlutun. Forsendur úthlutunar til KSÍ hafa byggt á sérstöku heimildarákvæði í reglugerð afrekssjóðs ÍSí og því er það sjálfstæð ákvörðun stjórnar afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar ÍSí hverju sinni að lækka framlag til KSÍ. KSÍ hefur ítrekað gert athugasemdir og lagt fram tillögur til úrbóta á reglugerð um afrekssjóð ÍSí, en þrátt fyrir endurskoðun ÍSí á reglugerð um afrekssjóð ÍSí árið 2023, er staða KSÍ gagnvart sjóðnum óbreytt.



Yfirlit yfir styrki til sérsambanda ÍSí úr Afrekssjóði ÍSí fyrir árið 2026

Sérsamband		Úthlutun	Afreksflokkur
AKÍ	Akstursíþróttasamband Íslands	2.212.699	Verkefnasamband
BFSÍ	Bogfimisamband Íslands	27.696.678	Afrekssamband II
BLÍ	Blaksamband Íslands	14.363.728	Afrekssamband IV
BSÍ	Badminton samband Íslands	16.183.316	Afrekssamband III
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	3.218.964	Verkefnasamband
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	16.777.500	Afrekssamband I
FRÍ	Frjálfsíþróttasamband Íslands	43.363.573	Afrekssamband I
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	77.884.948	Afrekssamband I
GSÍ	Golfsamband Íslands	49.619.137	Afrekssamband I
HNÍ	Hnefaleikasamband Íslands	3.026.957	Verkefnasamband
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	4.626.238	Verkefnasamband
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	121.603.097	Afrekssamband I
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	38.800.150	Afrekssamband I
ÍHÍ	Íshokkisamband Íslands	22.358.021	Afrekssamband IV
ÍSS	Skautasamband Íslands	4.892.717	Verkefnasamband
JSÍ	Judosamband Íslands	6.835.258	Verkefnasamband
KAÍ	Karatesamband Íslands	5.879.627	Verkefnasamband
KÍ	Klifursamband Íslands	8.051.942	Verkefnasamband
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	69.359.603	Afrekssamband II
KLÍ	Keilusamband Íslands	21.329.075	Afrekssamband II
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	28.989.567	Afrekssamband I
KSÍ	Knattspyrnusamband Íslands	24.600.000	Afrekssamband I
LH	Landssamband hestamannafélaga	15.461.006	Afrekssamband III
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	25.713.393	Afrekssamband I
MSÍ	Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands	3.861.507	Verkefnasamband
SÍL	Siglingasamband Íslands	2.963.478	Verkefnasamband
SKÍ	Skiðasamband Íslands	53.388.988	Afrekssamband II
SKY	Skylmingasamband Íslands	12.780.013	Afrekssamband IV
SSÍ	Sundsamband Íslands	51.740.085	Afrekssamband I
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	19.372.800	Afrekssamband II
TKÍ	Taekwondosamband Íslands	10.952.713	Afrekssamband IV
TSÍ	Tennissamband Íslands	3.282.411	Verkefnasamband
ÞRÍ	Þríprautarsamband Íslands	4.489.917	Verkefnasamband
Samtals:		815.679.107	

Úthlutunin byggir á áætlun sérsambanda um afrekstarf ársins 2026. Endanlegar fjárhæðir koma í ljós þegar fjárhagslegu uppgjöri afrekstarfs ásamt ársreikningum hefur verið skilað vegna ársins 2026.

Heimild:

<https://isi.is/frettir/frett/2025/12/31/Uthlutun-Afrekssjods-ISI-vegna-arsins-2026/>

Ýmsir styrkir

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir lækki um tæpar 20 m.kr. á milli ára, fari úr 196 m.kr. í 176 m.kr. árið 2026. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við innlenda styrktaraðila KSÍ, samningi við Puma og vörumerkjasamningum. Markmið ársins er að ná til baka þeirri lækkun sem gert er ráð fyrir með nýjum og endurbættum samningum.

Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af landsleikjum verði um 127 m.kr. árið 2026. Stór meirihluti landsleikjatekna koma í gegnum miðasölu A landsliðs karla.

A landslið karla fer til Mexíkó í febrúar og spilar einn vináttuleik þar. Því næst fer liðið til Kanada í mars og spilar á móti Kanada og Haítí. KSÍ fær tekjur af þessum leikjum. Þriðji vináttuleikjaglugginn verður í júní og ekki er búið að ganga frá samningum um þá leiki. Þjóðadeildin hefst í september og verða þrír heimaleikir á Laugardalsvelli. Ísland – Eistland, Ísland – Búlgaría og Ísland – Lúxemborg eða Malta. A landslið kvenna er að byrja undankeppni HM í riðli með Úkraínu, Englandi og Spáni. Heimaleikir Íslands við Úkraínu og England verða í apríl og svo gegn heimsmeisturum Spánar þriðjudaginn 9.júní. Gert er svo ráð fyrir umspili um haustið.

Markmið KSÍ er að fjölga áhorfendum á leiki og að auka tekjur til lengri tíma og halda áfram að vinna að bættri upplifun áhorfenda á Laugardalsvelli. Það eru sóknarfæri í tekjuöflun af heimaleikjum landsliðanna okkar, sem og að vinna að öflugum stuðningi við landsliðin okkar. Hluti af þessari vinnu var að fara í nýtt miðasölukerfi árið 2025. Miðakaupendur fá miða senda í síma og geta áframsent á milli síma með einföldum hætti.

Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir heimaleiki A landsliðs karla til UEFA frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, t.d. er KSÍ skuldbundið til að leika 10 landsleiki á ári á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ enn fremur ábyrgð á að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 235 m.kr. árið 2026 samanborið við 164 m.kr. árið 2025. Þetta eru t.d. tekjur af mótum, fræðslunámskeiðum og húsaleigu. Reykjavíkurborg hefur samið við KSÍ um leigu á húsnaði KSÍ fyrir Laugarnesskóla tímabilið janúar til mars 2026.


Gert er ráð fyrir því að aðildarfélög KSÍ greiði 40 m.kr. í ferða- og uppihaldskostnað dómara og 67 m.kr. í þátttökugjöld í Íslandsmót, Mjólkurbikar, bikarkeppni neðri deilda félaga og Lengjubikar karla og kvenna. Þetta gerir samtals 107 m.kr. og geta félög fengið allt að 25% afslátt af þátttökugjöldum Íslandsmóts ef þau uppfylla skilyrði um starfsemi yngri flokka, virka dómara og eru frá landssvæði 2 og 3. Þetta er hækkun um 63,5 m.kr. miðað við enga afslætti.

2026	Þátttökugjald 2026	Þátttökugjald með 15% afslætti	Ferða- og uppihaldskostnaður dómara 2026
Íslandsmót - Besta-deild karla	900.000	765.000	750.000
Íslandsmót - Besta-deild kvenna	750.000	637.500	600.000
Íslandsmót - Lengju-deild karla	700.000	595.000	550.000
Íslandsmót - 2. deild karla	400.000	340.000	400.000
Íslandsmót - 3. deild karla	400.000	340.000	250.000
Íslandsmót - Lengju-deild kvenna	400.000	340.000	200.000
Íslandsmót - 2. deild kvenna	400.000	340.000	200.000
4. deild karla	400.000	340.000	200.000
5. deild karla	325.000	276.250	200.000
Utandeild	265.000	225.250	175.000

Árið 2025 greiddi KSÍ 82,1% af dómarakostnaði með því að innheimta 17,9% þess kostnaðar í þátttökugjöld og ferða- og uppihaldskostnað dómara. Eftir þessar leiðréttingar 2026 mun sú prósentu hækka í að félögin greiði 43,7% af dómarakostnaði.

Hér að neðan er samanburður við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum og af þeim kemst Knattspyrnusamband Færeyja næst því sem KSÍ greiðir og greiða 50% af dómarakostnaði.

	Ísland	Færeyjar	Svíþjóð	Danmörk	Noregur	Finnland
Knattspyrnusamband greiðir	56,30%	50%	33%	0%	0%	Lottó



Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2026 rúmar 80 m.kr. Þar vega þýngst greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þar fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Núverandi samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar rann út í lok síðasta árs eða 31. desember sl. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti í upphafi desember að framlengja núverandi samning og hafa hann óbreyttan til 6 mánaða eða til 1. júní 2026. Jafnframt var lagt til að á tímabili framlengingarinnar verði skipaður starfshópur til að yfirfara og leggja til framtíðarlausn á málefnum Laugardalsvallar. Það er ljóst að með nýjum hybrid velli hafa forsendur breyst verulega frá því sem áður var og hefur leitt til aukins rekstrarkostnaðar m.a. með tilkomu undirhita.

Rekstrargjöld

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ársins 2026 verði 1.913.852.257 kr., samanborið við 2.243.053.826 kr. árið 2025.

Gjöld	Áætlun 2026	Raun 2025	Áætlun 2025
Kostnaður við landslið	880.528.537	1.108.885.924	949.503.802
Mótakostnaður	299.769.141	303.231.187	292.412.026
Fræðslukostnaður	81.136.500	89.114.923	75.188.141
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	439.796.598	462.088.844	440.274.775
Húsnæðiskostnaður	31.200.000	73.768.529	31.000.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	135.421.481	144.227.299	121.659.663
Afskriftir	46.000.000	61.737.120	53.600.000
	1.913.852.257	2.243.053.826	1.963.638.407

Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er búið að fækka verkefnum landsliða og skera niður um 69 m.kr. miðað við áætluð verkefni árið 2025.


	Áætlun 2026	Raun 2025	Áætlun 2025
A-landslið karla	296.857.320	309.995.604	325.208.220
U-21 landslið karla	70.847.500	70.983.088	88.379.138
U-19 landslið karla	41.944.051	36.266.262	46.543.545
U-17 landslið karla	46.277.951	49.149.261	47.185.445
A-landslið kvenna	241.965.150	417.795.604	234.200.650
U-23 landslið kvenna	0	3.220.626	7.936.000
U-19 landslið kvenna	40.832.823	43.498.026	43.402.675
U-17 landslið kvenna	45.520.223	48.508.386	52.686.615
TDS - vísinda og þróunarsvið	30.500.000	62.680.287	38.267.787
Hæfileikamótun	38.757.150	34.402.760	39.873.728
Sameiginlegur landsliðskostnaður	27.026.368	32.386.020	25.820.000
	880.528.536	1.108.885.924	949.503.802

*TDS er sérstakur styrkur frá FIFA til að efla framþróun í landsliðum, sérstaklega á sviði þróunar og vísinda.

**Landslið Íslands í aldursflokki karla og kvenna yngri en 15 ára eru einnig undir hæfileikamótun KSÍ.

***Það sem flokkast undir sameiginlegan landsliðskostnað er allt sem snýr að tölvubúnaði fyrir landsliðin, þvotti, fræðslu og öðrum búnaði sem landsliðin deila sín á milli.

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir 75 landsleikjum allra liða sem er lækkun um 11 leiki miðað við árið 2025 þegar landslið Íslands spiluðu 86 leiki. Rétt er að nefna að landslið Íslands leika a.m.k. 40% færri yngri landsleiki en samanburðarlönd okkar. Bæði UEFA og FIFA hafa ítrekað bent KSÍ á að fjölgun yngri landsleikja sé forsenda þess að Ísland nái að halda í þá framþróun sem á sér stað í flestum samanburðarlöndum okkar. Ekki er gert ráð fyrir stórmótum eða úrslitakeppnum landsliða.



Ár	A kvenna	A karla	U23 kvenna	U21 karla	U19 kvenna	U19 karla	U18 kvenna
2018	10	15	0	9	11	5	0
2019	12	12	0	9	13	5	0
2020	8	10	0	5	3	0	0
2021	9	13	0	8	3	6	0
2022	13	14	1	8	8	10	2
2023	13	12	4	7	14	12	0
2024	12	12	2	9	10	8	0
2025	12	10	2	9	10	11	0
2026	10	11	0	7	8	9	0

Ár	U18 karla	U17 kvenna	U17 karla	U16 kvenna	U16 karla	U15 kvenna	U15 karla	Samtals
2018	2	8	11	7	7	0	4	89
2019	2	8	14	7	6	3	3	94
2020	0	2	4	0	0	0	0	32
2021	0	3	5	3	0	0	2	52
2022	0	6	6	8	3	5	5	89
2023	0	8	9	6	3	5	5	98
2024	0	6	5	6	6	3	3	82
2025	0	9	6	6	5	3	3	86
2026	0	6	6	6	6	3	3	75

A landslið karla spilar vináttuleik við Mexíkó í Querataro í febrúar. Tveir vináttuleikir verða erlendis í mars við Kanada og Haítí. Þriðji vináttuleikjaglugginn verður í júní og ekki er búið að ganga frá samningum um þá leiki. Unnið er út frá því að þessir leikir muni skila sambandinu tekjum. Þjóðadeildin byrjar í haust og verða mótherjar okkar Eistland, Búlgaría og Lúxemborg eða Malta (hvort það verði Lúxemborg eða Malta skýrist í mars). Nýtt fyrirkomulag hefst í haust þar sem að fyrri landsleikjaglugginn inniheldur fjóra leiki, heima - úti - heima - úti.

A landslið kvenna spilar í undankeppni HM mars til júní 2026 og eru mótherjarnir Úkraína, England og Spánn. Englendingar eru núverandi Evrópumeistarar og Spánverjar núverandi heimsmeistarar. Það lið sem vinnur riðilinn fer beint á HM, gert er ráð fyrir að Ísland verði í umspili í haust.

U21 landslið karla heldur áfram í riðlakeppni Evrópumótsins og spilar við Frakkland og Eistland í vor og svo við Færeyjar, Sviss og Frakkland í haust. Einnig er gert ráð fyrir einu undirbúningsverkefni. U19 landslið karla spilar vináttuleiki í Portúgal í mars og byrjar því næst í nýrri Þjóðadeild. Áætlað er að þeir spili þrjá leiki í júní og þrjá leiki í október. U17 landslið karla spilar þrjá leiki í milliriðli UEFA á Ítalíu í mars og þrjá leiki í undankeppni UEFA á Grikklandi í haust. U16 landslið karla leikur þrjá leiki á UEFA development móti í Finnlandi í apríl og svo er gert ráð fyrir því að þeir fari á þriggja leikja vináttumót í Ungverjalandi í ágúst. U15 landslið karla spilar þrjá leiki á UEFA development móti í desember.

U19 landslið kvenna spilar þrjá leiki í milliriðli UEFA í Serbíu í apríl, tvo vináttuleiki við Svíþjóð og Noreg í júní og svo þrjá leiki í undankeppni UEFA í nóvember. U17 landslið kvenna spilar þrjá leiki í milliriðli UEFA í Serbíu í mars og svo þrjá leiki í undankeppni UEFA í nóvember. U16 landslið kvenna spilar þrjá leiki í UEFA development í Finnlandi í maí og svo er gert ráð fyrir því að þær fari á þriggja leikja vináttumót í sumar. U15 landslið kvenna spilar þrjá leiki á UEFA development móti í nóvember.

Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður verði tæpar 300 m.kr. árið 2026. Kostnaður við dómara vegur þyngst í mótakostnaði, eða 82%, en áætlaður kostnaður við dómaramál er um 245 m.kr. árið 2026. Þess ber að geta að inni í þessari tölu eru til dæmis ekki laun starfsmanna mótamála á skrifstofu KSÍ né annar skrifstofukostnaður tengdur umsýslu mótamála. KSÍ áætla 55 m.kr. í kostnað við deildarkeppni, bikarkeppni, media hub, verðlaunapeninga og aðra mótatengda liði.

Kostnaður KSÍ við Evrópukeppni félagsliða hefur aukist á síðustu árum, sérstaklega með velgengni okkar aðildarfélaga. KSÍ fær UEFA framlög til að greiða upp í dómarakostnað, en þau framlög duga ekki fyrir útlögðum kostnaði. KSÍ fær fyrir einn leik í:

- UYL: EUR 2.500 - gisting, matur, ferðalög = 5 dómarar í 3-4 nætur
- UWCL: EUR 5.000 (EUR 6.000 ef það er VAR dómgæsla) = 7 dómarar í 3-4 nætur
- UCL, UEL, UECL: EUR 6.000 (EUR 8.000 ef það er VAR dómgæsla) = 7-9 dómarar í 3-4 nætur

Árið 2025 greiddi KSÍ 9,3 m.kr. með þessum kostnaði. Hér er um að ræða kostnað sem tilheyrir félagsliðum í Evrópukeppni og því mun KSÍ taka upp viðræður við umrædd félög nú á næstu vikum.

Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður ársins verði 81 m.kr. sem er sambærilegur kostnaður og á síðustu árum. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn, ferðakostnaður, grasrót og samfélagsleg verkefni. Rétt er í þessu samhengi að minna á að þátttaka í samfélagslegum verkefnum er ein af þeim forsendum sem eru til staðar í HatTrick styrkjakerfi UEFA.

Skrifstofu- og rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður lækki um 12 m.kr. úr tæpum 348 m.kr. árið 2025 og verði á árinu 2026 rúmar 336 m.kr. Inn í þessari tölu er lögbundin 3,5% stéttarfélagshækkun frá 1. janúar og fækkun um eitt stöðugildi.

Gert er ráð fyrir því að annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður verði 103 m.kr. árið 2026. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar eru tölvukostnaður 30 m.kr., ráðstefnu- og fundarkostnaður 20 m.kr., aðkeypt sérfræðiaðstoð 17 m.kr., ársþing KSÍ 14 m.kr., sími 8,7 m.kr. og annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður 8,5 m.kr. (inni í þeim kostnaði er til dæmis rekstur bifreiða). KSÍ hefur unnið markvisst að því að lækka tölvukostnað eins og hægt er. Það mun vonandi raungerast árið 2026 þar sem nýtt mótakerfi og ný heimasíða hafa nýlega farið í loftið.

Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður verði 31 m.kr. árið 2026. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Nýtt hybrid gras var tekið í notkun árið 2025, og miðað við núverandi rekstur er gert ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar verði á árinu 135 m.kr. Rekstrargjöld vallarins sveiflast á milli ára í samræmi við fjölda leikja á vellinum. Gert er ráð fyrir 12 leikjum árið 2025. Helstu kostnaðarliðir við rekstur vallarins eru launakostnaður, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.).

Eins og áður hefur komið fram er samtal við Reykjavíkurborg hafið varðandi nýjan rekstrar- og þjónustusamning en núverandi samningur rann út í lok árs 2025.

Þá ákvað stjórn KSÍ þann 15. janúar 2025 að breyta fyrirkomulagi á framlagi UEFA til KSÍ vegna þróunar- og fjárfestingaverkefna fyrir tímabilið 2024-2027. Frá árinu 2025 mun umrætt framlag verða nýtt til að fjármagna framkvæmdir við Laugardalsvöll í tengslum við uppbyggingu leikvallar og endurbætur á búningsklefum o.fl. Umrætt framlag var áður sett í Mannvirkjasjóð til úthlutunar þar á grunni samþykktra umsókna aðildarfélaga.

Ákvörðun stjórnar KSÍ er tekin m.a. með eftirfarandi atriði í huga:

- Svo tryggt verði að á Íslandi sé knattspyrnuleikvangur sem uppfylli a.m.k. lágmarkskröfur í reglugerðum UEFA til að halda leiki í Evrópukeppnum félagsliða.
- Svo tryggt verði að á Íslandi sé knattspyrnuleikvangur sem uppfylli a.m.k. lágmarkskröfur í reglugerðum UEFA og FIFA til að leika landsleiki í alþjóðlegum keppnum.

Á árunum 2012-2025 hefur Mannvirkjasjóður KSÍ úthlutað 502 m.kr. til samþykktra verkefna aðildarfélaga.

Ákvörðun um næsta tímabil framlags UEFA til KSÍ vegna þróunar- og fjárfestingaverkefna hefur ekki verið tekin.

Framlög til aðildarfélaga

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði rúmar 97 m.kr. sem skiptist þannig:

- þróunarstyrkur til barna- og unglingastarfs verði 35 m.kr.,
- leyfisgreiðslur til félaga verði 20,5 m.kr.
- sjónvarpsgreiðslur og verðlaunafé verði 18,9 m.kr.
- greiðslur vegna ferðajöfnunarsjóðs verði 23 m.kr.

Síðastliðin 10 ár hafa greiðslur til aðildarfélaga verið 2,5 milljarðar kr. og kostnaður við dómara 1,8 milljarðar kr. Framlögin eru samtals rúmlega 4,3 milljarðar kr. og hafa félögin yfir sama tímabil verið rukkuð um 125 m.kr. í formi þátttökugjalda og ferða- og uppihaldskostnaðar dómara. Stjórn KSÍ tekur ákvarðanir um þessar greiðslur á ári hverju.

Greiðslur til aðildarfélaga 2016-2025

EM og HM framlög	674.519.706
Verðlaunafé í deild og bikar	175.200.000
Ferðapáttökugjöld	139.756.630
Greiðslur vegna leyfiskerfis	287.250.000
Greiðslur úr mannvirkjasjóði	333.606.874
Barna- og unglingastyrkur KSÍ	644.324.635
Covid, Spiideo, futsal	244.330.724
	1.824.468.863
Samtals	2.498.988.569
Dómarakostnaður	1.843.096.883
Samtals með dómarakostnaði	4.342.085.452
Páttökugjöld/ferðak dómara innheimt	-124.960.000

Samantekt

Lögð er fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir rúmlega 2 m.kr. hagnaði árið 2026.

KSÍ hefur hingað til haft þau viðmið að skila til ársþings samþykktari fjárhagsáætlun með að lágmarki 30 m.kr. í hagnað. Þessi niðurstaða um að skila áætlun 2026 með mjög litlum hagnaði kemur í kjölfar samvinnu og samráðs við hagaðila.

Upphaflegar forsendur þessarar áætlunar kölluðu strax á aðgerðir eins og hefur komið fram á deildarfundum, formanna- og framkvæmdastjórafundi, upplýsingum á heimasíðu KSÍ og með samtali við ÍTF og aðildarfélög KSÍ.

Þær breytingar sem hafa orðið frá fyrra ári á tekjuhlíð sambandsins eru eftirfarandi:

- Tekjufærslur ákveðinna verkefna á vegum UEFA eru ekki lengur heimilar, þar sem umrædd verkefni verða hér eftir eignfærð.
- A-landslið karla féll í C-deild Þjóðadeildar sem þýðir mun lægri tekjur til sambandsins.
- Tekjur frá PUMA styrktaraðila sambandsins lækka vegna breytinga á nýjum samningi þar sem fastar greiðslur lækka, en árangurstengdar greiðslur hækka á móti.

KSÍ hefur þess vegna þurft að leiðrétta páttökugjöld móta og innheimta frekar skv. heimildarákvæði í gildandi reglugerð um ferða- og upphaldskostnað dómara. Einnig hefur KSÍ farið í að skera niður

landsliðsverkefni og skrifstofukostnað, auk þess að nýta þau tækifæri sem gefast til að hagræða almennt í öllum rekstrarþáttum sambandsins.

Handbært fé KSÍ 31. desember 2025 stóð í 492 m.kr. UEFA mælir með að knattspyrnusambönd séu með 20-40% af veltu sambandanna í lausafé, sem gerir 400 – 800 m.kr.

Styrkveitingar UEFA hafa tekið ákveðnum breytingum síðustu ár, þannig að framlög eru greidd eftir að verkefnin hafa átt sér stað, í stað þess sem áður var að greiða þau fyrirfram.

Varðandi Laugardalsvöll þá er fyrri hluta af fyrsta fasa lokið í mjög svo þörfum endurbótum á vellinum þ.e. búið er að setja nýtt hybrid gras á leikflötinn með undirhita. Einnig er búið að endurbæta flóðlýsingu á leikfletinum eftir að hann var færður nær aðalstúkunni. Næsti hluti í fasa 1 er aðstaða leikmanna, dómara og annarra starfsmanna. Ríki og borg komu myndarlega inn með styrk vegna endurnýjun leikflatar Laugardalsvallar en nú er beðið eftir því að fá fjármagn í þennan næsta hluta. Viðræður hafa verið í gangi við ríki og borg á vettvangi Þjóðarleikvangs ehf. og standa vonir til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir á næstu misserum. Með þessum endurbótum í fasa 1 er loksins kominn völlur sem getur sinnt þeim leikjum landsliða og félagsliða sem leiknir eru snemma á vorin og seint á haustin. Þess má geta að karlalið Breiðabliks lék á Laugardalsvelli 11. desember sl. og hefur það, svo best sé vitað, ekki gerst áður að alþjóðlegur keppnisleikur í knattspyrnu hafi farið fram á náttúrulegu grasi á þessum árstíma hér á landi.